

Skýrsla um starfsemi SAM 2021-2022

STÖRF STJÓRNAR

Frá aðalfundi SAM 30. september 2021 hefur stjórn SAM haldið þrjá bókaða fundi. Á fundum stjórnar var meðal annars fjallað um Ríkisstuðla mjólkurvara, tillögu að greiðslumarki ársins 2022, ársreikning SAM vegna 2021 og verðtilfærslusjóð SAM.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKURVARA 2021

Mjólkurframleiðsla minnkaði á árinu 2021 og var 148,8 milljónir lítra hjá aðildarfélögum SAM en árið 2020 var framleiðslan 151,2 milljónir lítra.

Meðalinnvigtun frá hverjum framleiðanda 2021 var 286.207 lítrar og jókst um 5.203 lítra á árinu. Mjólkurframleiðendur í árslok voru 520 og hafði fækkað um 18 á árinu, eða 3,3%. Síðustu tíu ár hefur mjólkurframleiðendum fækkað að jafnaði um 2,4% á ári.

Greiðslumark verðlagsársins 2021 var 145 milljónir lítra. Hjá aðildarfélögum SAM var tekið á móti 148.827.748 lítrum og mjólk umfram greiðslumark var 3.858.857 lítrar. SAM gerði tillögu til Búnaðarstofu Matvælastofnunar um að greiðslumark ársins 2022 yrði 146,5 milljónir lítra. Sú tillaga var samþykkt í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Sala mjólkurvara árið 2021 á fitugrunni jókst um 1,1% milli ára og var 144,3 milljónir lítra.

Á próteingrunni var sala 123,6 milljónir lítra og jókst um 1,2 milljónir lítra eða 1%, á milli ára. Munur á sölu á fitu- og próteingrunni jókst um 0,3 millj. lítra á milli ára og var 20,6 millj. lítra árið 2021. Þessi munur samsvarar tæpum 1.700 tonnum af undanrennuþufti á hverju ári.

Innflutningur mjólkurafurða jókst um 137 tonn á milli ára. Aukningin var einkum í ostum. Innflutningur árið 2021 samsvarar um 8 milljón lítrum af mjólk á próteingrunni og um 5,8 milljón lítrum á fitugrunni.

Útflutningur mjólkurafurða jókst um 809 tonn frá árinu 2020. Útflutningur á ostum, skyri og ferskum mjólkurvörum jókst samtals um 820 tonn, en útflutningur á dufti minnkaði um 11 tonn.

UM STARFSEMI SAM

Markmið SAM er að gæta hagsmuna aðildarfélaga og að koma fram fyrir hönd mjólkuriðnaðarins við framkvæmd Búvörlaga, ásamt því að sinna sameiginlegum verkefnum á vegum aðildarfélaganna og stuðla að aðstöðujöfnun meðal mjólkurframleiðenda á landsvísi. SAM hefur í rekstri og efnahag sínum þá sameiginlegu starfsemi í þágu greinarinnar sem stjórn samtakanna tekur ákvörðun um hverju sinni.

Meðal verkefna SAM er söfnun nauðsynlegra upplýsinga um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurafurða á Íslandi til að unnt sé að framfylgja ákvæðum Búvörlaga um ákvörðun greiðslumarks. Önnur verkefni vegna ákvæða Búvörlaga eru m.a. útreikningur Ríkisstuðla sem notaðir eru til að ákveða magn mjólkur sem selst innanlands og útreikningur á efnainnihaldi viðmiðunarmjólkur sem lágmarksverð verðlagsnefndar landbúnaðarins miðast við hverju sinni.

Í áratugi hefur SAM safnað og unnið tölur um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurafurða á Íslandi. Upplýsingarnar eru nýttar til að fylgjast með innanlandsmarkaði mjólkurafurða, auk þess sem upplýsingar eru veittar til aðildarfélaga, Hagstofu Íslands, tölfræðistofnunar Evrópusambandsins (Eurostat), IFCN Dairy Research Center og alþjóðlegu mjólkursamtakanna IDF (International Dairy Federation). Skýrslurnar eru einnig grunnur að útreikningi á mánaðarlegum verðtilfærslum milli aðildarfélaga SAM. Verkefnum SAM er nú sinnt af starfsmönnum Mjólkursamsölunnar, undir stjórn stjórnar SAM.

SAM hóf þátttöku í íslenska Landbúnaðarklasanum árið 2019, en fyrir er SAM aðili að Samtökum mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja og tengiliður íslensks mjólkuriðnaðar við eftirtalin erlend samtök:

1. International Dairy Federation – IDF (alþjóðleg samtök mjólkurframleiðenda og vinnslufyrirtækja).
2. IFCN Dairy Research Center (samtökin rannsaka rekstur kúabúa um allan heim).
3. Global Dairy Platform (alþjóðleg samtök vinnslu- og markaðsfyrirtækja í mjólkurmarkaði).
4. Nordiske meieriorganisasjoners samarbeidsutvalg for mjølke kvalitetsarbeid – NMSM (norrænt samstarf um mjólkureftirlit og mjólkurgæði).

Markmið SAM með þátttöku í innlendu og erlendu samstarfi er að safna og miðla upplýsingum sem gagnast íslenskum mjólkuriðnaði og íslenskum mjólkurframleiðendum.